

Alþingi  
Erindi nr. P 133/617  
komudagur 6.12.2006

**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang [eything@eything.is](mailto:eything@eything.is)

Akureyri 6. desember 2006

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík


Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, 272. mál, heildarlög. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórn Eyþings telur að þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá þeim drögum sem send voru til umsagnar í febrúar sl. séu um flest til bóta (sjá umsögn stjórnar Eyþings, dags. 22. febrúar 2006). Stjórnin vill þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Að mati stjórnar Eyþings uppfyllir Sjúkrahúsið á Akureyri öll skilyrði 10. liðar 4. greinar til að flokkast sem háskólasjúkrahús og því eðlilegt að í stað „kennslusjúkrahús“ komi „háskólasjúkrahús“ í 21. grein.

Stjórnin gerir alvarlegar athugasemdir við 31. grein um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Greinin er í fullkominni andstöðu við það sjónarmið að einfalda beri verkaskipti ríkis og sveitarfélaga og gera þau skýrari með þeim hætti að verkefni séu annað hvort ríkisins eða sveitarfélaganna. Benda má t.d. á þau augljósu vandkvæði sem fylgja því ákvæði að „Þátttaka sveitarfélaga í kostnaði við byggingu og búnað hjúkrunarheimila skal ekki vera minni en nemur 15% af stofnkostnaði“. Jafnframt er tekið fram að meiri háttar viðhald og tækjakaup teljist til stofnkostnaðar án þess að það sé nánar skilgreint hvað telst meiri háttar viðhald.

Þá telur stjórnin mjög óeðlilegt það ákvæði 31. greinar að sveitarfélögum sé skylt að láta ríkið fá lóðir endurgjaldslaus og án greiðslu gatnagerðargjalda og lóðarleigu. Sveitarfélögunum er þar með ætlað að bera allan kostnað af framkvæmdum við lóðir og gatnagerð.

f.h. stjórnar Eyþings  
  
Pétur Þór Jónsson  
framkv. Stjóri

**EYÞING** - Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum -  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; Kt. 561192-2199; Netfang: [eything@eything.is](mailto:eything@eything.is)

Akureyri 22. febrúar 2006

Nefnd um endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu  
Guðríður Þorsteinsdóttir formaður  
Vegmúla 3  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu.**

Með bréfi dags. 3. febrúar, var Eyþingi gefinn kostur á að gefa umsögn um frumvarpsdrögin. Stjórn Eyþings þakkar fyrir að eiga þess kost að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Stjórnin tók drögin til skoðunar og umfjöllunar á fundi sínum 17. febrúar, en áður hafði heilbrigðismálahópur Eyþings fjallað um þau.

Drögin eru að mati stjórnar Eyþings og heilbrigðismálahópsins um margt til bóta svo sem varðandi sveigjanleika til samninga. Nokkrar athugasemdir og ábendingar komu fram.


- a) Athugasemdir eru gerðar við skipan nefndarinnar sem vann drögin. Um er að ræða mjög fjölmenna nefnd. Það veur því furðu að ekki skuli vera fulltrúar af landsbyggðinni í nefndinni sem að gjörþekki aðstæður þar og þau sjónarmið sem þar eru uppi. Sömuleiðis veur það furðu að sveitarfélögin í landinu skuli ekki eiga fulltrúa í nefndinni.
- b) Vinnuhópurinn telur nafnabreytingarnar í Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri mjög til bóta og að kveðið sé sérstaklega á um starfsemi þeirra eins og gert er í 19. og 20. grein.
- c) Varðandi 20. grein skal tekið fram að FSA er í starfstengslum við háskóla, þ.e. bæði við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, og því ætti Sjúkrahúsið á Akureyri að vera skilgreint sem háskólasjúkrahús með vísan til skilgreiningar á háskólasjúkrahúsi og kennslusjúkrahúsi.
- d) Lagt er til að síðasta málsgrein 20. greinar verði stytt og hljóði svo: „Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri og hvaða sérhæfða þjónusta skuli veitt á sjúkrahúsinu.“
- e) Í drögunum er ráðherra víða heimilað að kveða nánar á um þjónustu með reglugerð. Leggja ber áherslu á að ráðherra taki þær ákvarðanir ekki án samráðs við sveitarstjórnarmenn og fagfólk á viðkomandi svæðum sem þjónustan varðar (sjá t.d. 20. grein). Kveða þarf á um þetta samráð í lögnum.
- f) Gerð er alvarleg athugasemd við 30. grein draganna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Greinin er í fullkominni andstöðu við það sjónarmið að

einfalda beri verkaskipti ríkis og sveitarfélaga og gera þau skýr með þeim hætti að verkefni séu annað hvort ríkisins eða sveitarfélaganna. Öllum ættu t.d. að vera ljós þau vandkvæði sem því fylgja að ætla sveitarfélögunum að greiða 15% kostnaðar við meiri háttu viðhald.

- g) Í fylgiskjali með frumvarpsdrögunum fylgir tillaga að reglugerð um skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi. Vakin er athygli á gríðarlegri landfræðilegri stærð heilbrigðisumdæmis Norðurlands, sem ætlað er að ná frá og með Austur-Húnavatnssýslu til og með Norður Þingeyjarsýslu. Vegalengd milli þéttbýliskjarna þessara svæða, þ.e. Blönduóss og Þórshafnar, er meiri en milli Akureyrar og Reykjavíkur. Ætla má að hér sé stjórnunarlega um að ræða mjög erfiða einingu. Því er lagt til að fyrirhuguðu Norðurlandsumdæmi verði skipt í þrennt og Norðurland eystra verði tvö heilbrigðisumdæmi, þ.e. Eyjafjarðarsvæði og Þingeyjarsýslur.

Ábendingum og athugasemdum stjórnar og heilbrigðismálahóps Eypings er hér með komið á framfæri. Eins og fram kemur í upphafi telur stjórnin þrátt fyrir þessar ábendingar að skv. drögunum verði löggin um margt til bóta og skýrari en núgildandi lög.

Virðingarfyllst,



Pétur Þór Jónasson  
framkv. stjóri